

**HEILBRIGÐISNEFND  
HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS  
127. fundur –19. maí 2008**

Fundargerð

Fundur var haldinn í heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, mánudaginn 19. maí 2008, og hófst hann kl. 17:15 að Garðatorgi 7, Garðabæ. Mættir voru undirritaðir nefndarmenn auk starfsmanna heilbrigðiseftirlits.

Guðmundar H. Einarssonar, framkvæmdastjóra, sem ritaði fundargerð. Steingrímur Steingrímsson boðaði forföll.

Eftirfarandi mál voru tekin fyrir samkvæmt dagskrá:

**1 Fundargerð 126. fundar heilbrigðisnefndar frá 21. apríl 2008**

Samþykkt

**2 Vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu**

Vettvangsskoðun um vatnsverndarsvæði í Heiðmörk og heimsótt mannvirki Vatnsveitu Kópavogs á brunnsvæðinu í Vatnsendakrikum.

**3 Tóbakssala þar sem ungmenni yngri en 18 ára starfa**

Lagt fram erindi Umhverfiráðuneytisins frá 13. maí 2008 þar sem fram kemur að ráðuneytið taki undir samþykkt nefndarinnar frá 26. nóvember 2008 um nauðsyn þess að ákvæði laga „um smásölu á tóbaki verði það skýr og ákveðin varðandi vörslu tóbaks á smásölustöðum þar sem unglingar vinna að þeir einir hafi aðgang að vörinni sem rétt hafa til að afgreiða hana úr versluninni“. Umhverfiráðuneytið hefur vísað málinu til Heilbrigðisráðuneytis ásamt álitamáli um hvað teljist afgreiðsla tóbaks samkvæmt gildandi tóbaksvarnalögum.

**4 Breyting á legu Álftanesvegjar**

Lagt fram erindi Skipulagsstofnunar frá 9. maí 2008 þar sem óskað er umsagnar um matsskyldu vegna breytingar á legu Álftanesvegjar.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

“Heilbrigðisnefnd hefur tekið erindið til skoðunar og telur með hliðsjón af viðauka 3 við lög nr. 106/2000 ekki ástæðu til að ætla að framkvæmdin þurfi að vera háð mati á umhverfisáhrifum”

**5 Önnur mál**

Engin

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:00

Birna Ólafsdóttir

Jón Bjarni Þorsteinsson

Júlíus Kr. Björnsson

Halla Halldórsdóttir

Gestur Pétursson

Sigurgeir Ólafsson